

## **1. fundur Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 21.03.13, kl. 14-16.**

Mætt: Sigurjón Mýrdal, Ársæll Guðmundsson, Björg Pétursdóttir, Magnús Lyngdal Magnússon, Anna María Gunnarsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Björg Bjarnadóttir, Ólafur H. Sigurjónsson, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Sigrún Grendal, Haraldur Árni Haraldsson, Jón Torfi Jónasson, Guðmundur Engilbertsson, Kristín Valsdóttir, Björn Þráinn Þórðarson, Klara E. Finnbogadóttir og Ragnheiður E. Stefánsdóttir.  
Forföll boðuðu: Gunnar Gíslason og Svanhildur María Ólafsdóttir

### **1. Inngangur**

Formaður (SM) bauð fulltrúa velkomna. Minnti á forsöguna. Í kjölfar Skýrslu nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara, 2010, hófu MMR, Samb. sveitarfél. Kennarasamtökin og háskólarnir þrír sem mennta kennara samstarf um símenntun kennara. Í lokaskýrslu um starf samstarfsnefndar um símenntun kennara, haustið 2012, var lagt til að ráðherra stofnaði Fagráð um símenntun til að stuðla að markvissri faglegri starfsþróun og starfstengdri símenntun fyrir kennara á leikskóla, grunnskóla og framhaldsskólastigi. Skipunarbréf fagráðsins gildir til 26. Febr. 2016. Í skipunarbréfi er minnt á hlutverk fagráðsins. Gera þarf verkefnaáætlun og fjárhagsáætlun. Einnig þarf að mynda stýrihóp og ráða starfsmann (í hlutastarf). Ráðið hefur 9 mill. Kr. til ráðstöfunar á þessu ári.

### **2. Hvers væntum við?**

JTJ ræddi um mikilvægi símenntunar kennara. Fagráðið ætti að vera ráðgefandi og tryggja samtal milli hagsmunaaðila. Hann minnti á erlenda umræðu um þessi mál. Þar væri oft talað um réttur k. til starfsþróunar. Fagráðið þyrfti bæði að setja fram hugmyndir um það sem er í gangi og efla faglega umræðu. Skoða þarf kennarastarfið í samhengi.

BÞP sagði að væntingar Samb. sveitarfélaga í þessu efni væru óljósar.

Kortlagning er þörf og eins miðlun upplýsinga. Styrkja þarf fræðilegan grunn og tryggja hagnýta símenntun kennara. Símenntun er mikilvæg. Nýjar aðalnámskrár gera þetta verkefni sérstaklega brýnt. Kennarar þurfa aukinn stuðning í því verkefni. Hann minnti á stefnuna „skóli án aðgreiningar“ og taldi að aðsókn að kennaranáminu væri áhyggjuefni

BB fagnaði þessum tímamótum. Fagráðið byggi m.a. á samkomulagi KÍ og MMR 2006 m.a. um eflingu endurmenntunar. Fagráðið sé komið til að vera. Starfsmaður er gríðarlega mikill grundvöllur starfsins. Efla þarf tengsl grunnmenntunar og símenntunar. Hjá KÍ komi skýrt fram aðstöðumunur milli

skólastiga og mismunandi þörf fyrir símenntun. Símenntun leikskólakennara þarf t.d. skilgreina betur. Eins þarf að huga að móttöku og þjálfun nýliða í kennslu á öllum skólastigum. Nýliðun kennara er áhyggjuefni og aðstaða stéttarinnar og kjör.

BP minnti á að símenntun þarf að verða virkari og eðlilegri þáttur í kennarastarfinu. Hún ræddi á störf fyrri nefnda um endurmenntun og símenntun kennara. Drög að Símenntunarvef með leitarvél liggja fyrir. Eins upplýsingaveita (á námskrá.is). Fagraðið ætti að vinna þarfagreiningu og gera kannanir

SM minnti enn á forsögu fagraðsins og umræðu um hugtökin endurmenntu, símenntun og starfsþróun. Eðlilegt er að líta á samfellu í kennaramenntun:

For-hugmyndir	Grunnnám	Aðlögun Leiðsögn?	Starfsþróun	Starfsþróun	Starfsþróun
---------------	----------	----------------------	-------------	-------------	-------------

Í gögnum um TALIS verkefnið (Teaching And Learning International Survey) er áhugaverð umfjöllun um þessi hugtök.

### 3. Almennar umræður

IK minnti á að samþætta þarf vettvang og fræði. Efla þarf leikskólastigið. Símenntun er kjörinn samstarfsvettvangur í skólum.

MLM ræddi mat á símenntunarþörf og mat á kennaraþörf. Aldur kennara er að hækka.

ÁG: Fagraðið er mikilvægt. Lenging kennaranámsins var nauðsynleg eykur gæði kennara og bætir kjör nemenda.

AMG minnti á samband símenntunar og fagmennsku. Hún ræddi um Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF) sem hún taldi til fyrirmyndar.

Sigrún Grendaltaldi mikilvægt að kortleggja hvað aðilar eru þegar að gera í símenntun kennara.

### 4. Önnur mál

SM minnti á skipan stýrihóps

BÞP ræddi tengingu grunnnáms og símenntunar

JTT taldi að huga þyrfti að stofnun tímabundinna starfshópa um brýn mál. Þá þyrfti að undirbúa gagnaöflun um starfsþróun kennara. Hann velti fyrir sér breytingum sem urðu á endurmenntun kennara fyrir nokkrum árum. Einnig að nýir markhópar í kennaramenntun knýi á um nýtt fyrirkomulag.

KV ræddi verkleg fagraðsins. Dreifa þarf verkefnum eftir aðstæðum.

HÁH væntir góðs af starfi fagraðsins.

SM: Næsti fundur verður boðaður í maí. Aðilar tilnefna í stýrihóp sem kemur saman og undirbýr næsta fund.

SM.